

Fundargerð 84. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams og staðfundur hjá OR

Tími: 07.05.2024 14:30

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Sigrún Tómasdóttir (ST), Hrund Ólöf Andradóttir (HÓA), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Fjarstaddur: Baldur Dýrfjörð (BD)

Dagskrá:

1. Upprifjun frá síðustu fundum - yfirferð og samþykkt fundargerða eftir því sem við á.

HÓA er byrjuð á því að senda rukkun fyrir félagsgjöldum.

2. Hnýta lausa enda fyrir aðalfund og vísindaferð

Fundur verður haldinn 30.maí. Búið er að senda út fundarboð.

13:30 – 14:45 Vísindaferð í matvælafyrirtækið Lýsi - kynning á fyrirtækinu og þar með áskorunum í fráveitumálum ásamt umfjöllun um gæðamál (matvælaöryggi). Síðan verður skoðunarferð um verksmiðjuna þar sem við kynnumst starfsemi fyrirtækisins.

14:45 rölt yfir á Bryggjuna brugghús þar sem aðalfundur verður haldinn

15:00-16:00 Aðalfundur VAFRÍ. Boðið upp á léttar veitingar.

Næstu skref:

BD heyrir aftur í Lýsi, staðfestir tímann og fær frá þeim hverjar áherslurnar verði og upplýsir um okkar félag og áhugasvið (bæði fráveita og vatnsveita, hvernig er meðhöndlun úrgangs, eru þau að nýta mikið vatn t.d. og er einhver sérstök gæðameðhöndlun á því þeirra megin frá...)

HSP uppfærir fundarboðið og lætur það byrja 13:30. Útbýr einnig könnun til að meta fjölda þannig að sú skráning verði miðlæg, verður sett í fundarboð og á facebook viðburð.

ST gerir facebook viðburð.

HSP tekur endanlega ákvörðun um veitingar og pantar er nær dregur

HÓA hugleiðir einhvers konar hópeflandi dagskrá í kjölfar aðalfundar.

3. Önnur mál.

Fundi var slitið klukkan 15:13. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@orkuveitan.is